

## Skýrsla vegna úthlutunar úr kennslumálasjóði Háskóla Íslands árið 2012 fyrir verkefnið

### Uppbygging og þróun starfssamfélaga við Háskóla Íslands

Sólveig Jakobsdóttir

Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM) við Menntavísindasvið (MVS)

12. október 2012

#### Markmið verkefnis

Meginmarkmiðið með verkefninu var að stuðla að uppbyggingu starfssamfélaga (communities of practice) við Háskóla Íslands til að efla kennslu, símenntun og þróunarstörf. Í þeim tilgangi vildum við bjóða tveimur virtum fræðimönnum (Etienne Wenger ásamt öðrum) á því sviði til landsins til að halda erindi og vinnustofur fyrir kennara.

Gert var ráð fyrir að þessi framlög myndu nýtast Háskóla Íslands almennt (t.d. faghópum sem hefðu áhuga) en ekki síst Menntavísindasviði t.d. á kjörsviðum s.s. upplýsingatækni og miðlun, náttúrufræðimenntun, sérkennslufræði og almennt í uppeldis- og menntunarfræðideild. Einnig gæti vísindastofnanir og/eða rannsóknarstofur eða hópar nýtt sér komu Wenger's en sérstaklega verkefnahópur um uppbyggingu Skólatorgs [fékk síðar nafnið Menntamiðja] sem hafði hafið störf við Menntavísindasvið á þeim tíma sem umsóknin var gerð.

#### Verkefnið í framkvæmd

Eftir að styrkur fékkst í marslok 2012 hófst undirbúningur með viðræðum við Etienne Wenger og Beverly Trayner um komu til landsins. Í viðræðum við aðila sem stóðu að Menntamiðju við MVS kom eindreginn vilji fram um að fá þau tvö til landsins til að vera með þrenns konar framlög (sjá einnig umsókn í sjóðinn):

Awareness presentations. We give general presentations (including via broadcast or recording) to raise awareness of the existence and potential of communities of practice and social learning.

Educational workshops. We conduct focused workshops for people who are interested in exploring the value and implementation issues of communities of practice.

Leadership coaching. We provide specialized training or coaching for leaders and sponsors of communities of practice and other social learning processes, focusing on the art of launching, cultivating, sponsoring and supporting such communities and processes.

(sjá vef Wenger-Trayner á <http://wenger-trayner.com/our-services/>, undir Training)

Í ljós kom að kostnaður vegna slíkra framlaga yrði mun hærrí en styrkurinn úr kennslumálasjóði. Því var leitað til forseta MVS um viðbótarstuðning og samstarf var við Hróbjart Árnason og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til að fjármagna komu Etienne og Beverly. Boðsbréf fór út í lok maí. Staðið var að heimsókn Etienne og Beverly Wenger-Trayner með eftirfarandi hætti:

Þau komu til landsins 29. september og voru til 7. október. Á meðan á heimsókninni stóð:

1. Héldu þau vinnustofu í Skálholti 2.-3. október (leadership coaching). Sjá má afrakstur af þeirri vinnustofu á Wikispaces vef sem þau settu upp á <http://leadershipplaza.wikispaces.com/>. Þátttakendur voru 28 þar á meðal voru aðstandendur Menntamiðju og þeirra torga sem þar eru komin fram (Tungumálatorg, Sérkennslutorg, Náttúrutorg), forsetar MVS og Kennaradeildar. Þá voru háskólakennarar og doktorsnemar við HÍ, nokkrir úr símenntunargeiranum og tveir danskir samstarfsaðilar í NordForsk umsókn (LangVad styrkþegi 2012, Elsebeth Korsgaard Sorensen, ásamt doktorsnema). Þá voru fulltrúar frá HR, HA og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þátttakendur borguðu sjálfir gistingu og uppihald í Skálholti.

Þátttakendalisti á vinnustofu í Skálholts-vinnustofunni var eftirfarandi:

- Anna Kristín Sigurðardóttir
- Ágústa Guðmundsdóttir
- Ásta Sölvadóttir
- Bjarndís Jónsdóttir
- Brynhildur Ragnarsdóttir
- Elsebeth Sorensen
- Eygló Björnsdóttir
- Freyja Hreinsdóttir
- Fríða Bjarney Jónsdóttir
- Guðrún Geirsdóttir
- Hafdís Guðjónsdóttir
- Hanna Rún Eiríksdóttir
- Ásrún Matthíasdóttir
- Hróbjartur Árnason
- Jón Torfi Jónasson
- Kolbrún Pálsdóttir
- Kristín Dýrfjörð
- Kristín Erla Harðardóttir
- Kristján Bjarni Halldórsson
- Rina Oestergaard
- Salvör Gissurardóttir
- Sigurbjörg Jóhannesdóttir
- Skúlína Hlíf Kjartansdóttir
- Sólveig Jakobsdóttir
- Svanborg Jónsdóttir
- Svava Pétursdóttir
- Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir
- Þuríður Jóhannsdóttir

Þessi vinnustofa mæltist mjög vel fyrir (óformlegar upplýsingar) og einnig er að finna mat á Wikispaces vefnum.

2. Héldu erindi og vinnustofu 4. október (awareness presentation og educational workshop). Þessi framlög voru opin öllu háskólasamfélaginu og auglýst sem stakir viðburðir en voru jafnframt settir inn í dagskrá ráðstefnu um upplýsingatækni í fullorðinsfræðslu sem haldin var í samvinnu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, MVS og NVL (Nordic Network for Adult Education).

Auglýsingar voru settar út á vef RANNUM (<http://skrif.hi.is/rannum/2012/09/15/etienne-wenger-og-beverly-trayner-social-learning-spaces-in-landscapes-of-practice/>) og sendar út tilkynningar í gegnum samfélagsmiðil sem RANNUM heldur úti (<http://utmidlun.ning.com>). Þá voru sendar tilkynningar tvisvar á póstlista starfsmanna HÍ og prentaðar auglýsingar hengdar upp í MVS. Atburðurinn tengdist einnig Menntakviku – málþingi MVS sem haldin var 5. okt. og vakin athygli á honum þegar Menntakvika var auglýst í skólum landsins.

Erindi Wenger-Trayner var haldið í hátíðarsal HÍ í aðalbyggingu v/Suðurgötu og fylltist salurinn (tekur 180 manns, þar af var um 60-70 á ráðstefnu um upplýsingatækni í fullorðinsfræðslu). Erindið var jafnframt tekið upp og gert aðgengilegt í gegnum Adobe Connect og sóttu margir norrænir aðilar þátt með þeim hætti. Sjá má upptöku á

<https://frea.adobeconnect.com/a853756483/p4cpq1zuegh/?launcher=false&fcsContent=true&pbMode=normal>

Í vinnustofu síðar um daginn mættu um 20 manns á Hótel Sögu og spunnust mjög góðar umræður og hugmyndir settar fram um nýtingu kenninga Wenger-Trayner í námi og kennslu.



Gera má ráð fyrir að aðsókn hefði verið meiri frá Menntavísindasviði ef Menntakvika hefði ekki verið daginn eftir. Sjálfsagt margt starfsfólk og framhaldsnemar að undirbúa sig með erindi. Á Menntakviku 5.10. var RANNUM með þrjár málstofur. Á þeirri síðustu var Menntamiðja formlega opnuð (<http://www.menntamidja.is>) og torgin kynnt. Framlög Wenger-Trayner styrktu mjög hugmyndafræðilegan bakgrunn þeirra verkefna.

3. Þá fengu margir starfsmenn og námsmenn tækifæri til að ræða við þau Wenger-Trayner óformlega á meðan á heimsókn þeirra stóð.

Í byrjun þessarar viku var sent út bréf á starfsmannalista þar sem vísað var í ofangreint efni og upptökur og vakin athygli á opnun Menntamiðju og tengingu við hugmyndafræði Wenger-Trayner og væntanlega verður vísað á efni þessu tengt með ýmsum hætti á næstunni en upptökur eru og verða áfram aðgengilegar á vef RANNUM.

#### Kostnaður, áætlun og nýting styrks

Kostnaðarliður	Áætlun	Raun
Vinna aðstoðarmanns	100.000	Aðstoðarfólk gaf vinnu
Flug	260-270.000	195.880
Gestaíbúð	30-35.000	38.000
Uppihald greitt af RANNUM	120.000	81.670
Greiðsla fyrir erindi og vinnustofur	200.000	234.450*
Samtals	Áætlun 710.000-725.000 Styrkur 550.000	550.000

\*Taxti Wenger-Trayner mun hærri en kostnaður til viðbótar af öðrum styrkjum, MVS, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og NVL.

#### Lokaorð

Við sem staðið höfum að þessu verkefni teljum að mjög vel hafi tekist til og mikil ánægja hafi verið með framlög Etienne og Beverly Wenger-Trayner, bæði vinnustofurnar tvær og erindi þeirra. Við þökkum kærlega fyrir þetta mikilvæga framlag úr kennslumálasjóði en án þess hefði ekki orðið af þessari heimsókn né því gefandi samstarfi og umræðu sem skapast hefur í kjölfarið.

Ef nánari upplýsinga er óskað, vinsamlegast hafið samband við undirritaða. Við erum nú að ganga frá öllum greiðslum svo gott væri að fá afganginn af úthlutun úr kennslumálasjóði afgreiddan sem allra fyrst inn á viðfang RANNUM.

F.h. þeirra sem stóðu að verkefninu

Sólveig Jakobsdóttir, PhD

Dósent fjarkennslufræðum/Associate professor distance education Forstöðurmaður rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun/Head of Centre for Educational Research on ICT and Media

Menntavísindasvið Háskóla Íslands/University of Iceland, School of Education

Sími/Tel: (00354)525 5568; (00354)663 7561

Netfang/E-mail: [soljak@hi.is](mailto:soljak@hi.is)